

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita búnaðarsamböndum leyfi til að reka 54  
veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og þolprófun sýndra hrossa á héraðs- 27. júní  
sýningum, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð, sem ráðherra setur. Áskilja  
skal í reglugerðinni, að  $\frac{1}{2}$  hlutar veðfjárins skuli endurgreiðast vinnendum, en  $\frac{1}{4}$   
þess skal varið til verðlauna á þeim hrossum, sem standa sig bezt í keppninni.  $\frac{1}{4}$  fjár-  
ins fær búnaðarsambandið til að standast kostnað af sýningunum, og verði afgangur  
af því fé, skal honum varið til hrossaréktarstarfsemi sambandsins.

5. gr.

Á eftir VI. kafla laganna komi nýr kafli, sem verður VII. kafli og orðist svo:

### Ákvæði til bráðabirgða.

93. gr.

Meðan greidd er verðstuðulsuppbót á laun starfsmanna ríkisins, skal greiða verð-  
stuðulsuppbót á allar greiðslur samkvæmt þessum lögum, aðrar en verðlaunaveit-  
ingar á sýningum. Skal verðstuðulsuppbótin reiknuð eftir þeirri vísitölu, sem notuð  
er við ákvörðun verðstuðulsuppbótar til starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

um afla- og útgerðarskýrslur.

55

27. júní

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Skylt er að gefa skýrslur um allan þann fisk, sem veiddur er hér við land af ís-  
lenzkum skipum, svo og afla erlendra skipa, sem lagður er á land. Vatnafiskar eru  
undanskildir. Sömuleiðis er skylt að gefa skýrslur um útgerð skipa, mannatölu og  
úthaldstíma og annað það, er að útgerð lýtur, svo sem beitubirgðir, birgðir af út-  
flutningsvörum og annað þess háttar.

Fiskifélag Íslands skal sjá um söfnun skýrslanna í fullu samráði við Hagstofu  
Íslands og hafa til þess umboðsmenn í öllum helztu veiðistöðvum landsins. Skal  
Fiskifélagið láta Hagstofu Íslands í té fengnar skýrslur eins oft og hagstofan álitur  
nauðsynlegt.

2. gr.

Fiskifélagið skal birta yfirlit yfir heildaraflann eins oft og þurfa þykir, en þó  
eigi sjaldnar en tvisvar á mánuði hverjum. Skal Fiskifélaginu skylt að svara fyrir-  
spurnum frá einstökum mönnum eða félögum um fiski í landinu, nema öðruvísi sé  
ákveðið.

3. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu skyldir til að gefa skýrslur: 1. Skipstjórar og formenn,  
2. útgerðarmenn og félög, 3. fiskkaupmenn og fiskisalar, 4. niðursuðuverksmiðjur og

55 aðrar verksmiðjur, sem vinna úr fiski, 5. hraðfrystihús, 6. síldarverksmiðjur, 7. síldarútvegsnefnd, 8. síldarsaltendur, 9. fiskimálanefnd, 10. fiskútflýgjendur, 11. fiskverkunarstöðvar. Atvinnumálaráðherra ákveður fyrirkomulag skýrslusöfnunarinnar með reglugerð, að fengnum tillögum Fiskifélagsins.

## 4. gr.

Fiskifélag Íslands sér fyrir eyðublöðum til skýrslusafnenda, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

## 5. gr.

Vanræki einhver að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum eða þeim reglugerðum, sem út verða gefnar samkvæmt þeim, sæti sá sektum, 25—100 kr. á dag frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

## 6. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 26 27. júní 1925, um aflaskýrslur.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

- a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppþætur á dagpeninga, dánarþætur og örorkuþætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
- b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsg. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
- c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þrjátíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
- d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aorum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aorum eða meiru.